

1870.

30. júlí.

75. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuruindæminu, um þóknun handa manni, sem hefir verið lengi sáttasemjari og hreppstjóri.

Í bænarskrá nokkurri, sem hingað hefir borizt beina leið og vör sendum yður eptirrit af með þessu bréfi, hefir fyrrum hreppstjóri í Grytubakkahrepp í Þingeyjarsýslu, Gunnar Loftsson á Grund, sókt um, að fá styrk annaðhvort úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins, eða þá af einhverjum öðrum ópinberum sjóði, sem þóknun fyrir það, að hann hafi verið sáttasemjari í 24 ár og enn lengur hreppstjóri í nefndum hreppi.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að engin lagaheimild er til þess, að veita slíkan styrk úr jafnaðarsjóðnum, og að öðru leyti hefir stjórnarráðið ekki umráð yfir neinum öðrum sjóði, er veita mætti úr slíkan styrk.

5. ágúst.

76. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um að lögleiða á Íslandi auglýsing um aðferð á ófriðartímum.

Það er ástæða til, að lögleiða á Íslandi auglýsing utanríkisstjórnarinnar 25. f. m., viðvíkjandi því, að tilskipun 4. maí 1803 um það, hvernig verzlunarmenn og farmenn eigi að haga sér, þegar ófriður er milli útlendra sjóvelda, skuli á ný hafa lagagildi, þer stjórnarráðið það upp við utanríkisstjórnina, einkum af því, að lög 13. marz 1867, sem getið er um í 1. gr. auglýsingarinnar, eru ekki gild á Íslandi, en tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa 25. júní f. á. kemur þar í staðinn fyrir, og af því að lög 23. janúar 1862, sem eru nefnd í 2. grein auglýsingarinnar, gilda ekki heldur á Íslandi, en aptur eru lög 13. septbr. 1855 lögleidd þar með opnu bréfi 27. maí 1859¹, — hvort

¹) Tiðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 264.